

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

1. Á eftir orðunum „Samband íslenskra sveitarfélaga“ í 2. mgr. 2. gr. komi: landshluta-
samtök sveitarfélaga.
2. Í stað orðanna „sem leiðir af sameiningu sýslumannsembætta og stofnun nýrra lögreglu-
embætta“ í 4. málsl. ákvæðis til bráðabirgða II komi: í tengslum við stofnun nýrra sýslu-
mannsembætta og lögregluembætta.
3. Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:
Við samþykkt laga þessara skal ráðherra í samstarfi við forsætisráðherra láta semja
aðgerðaáætlun fyrir Stjórnarráðið þar sem afmörkuð skulu þau stjórnsýsluverkefni ráðu-
neyta og undirstofnana þeirra sem talið er ákjósanlegt að flutt verði til embætta sýslu-
manna. Skal aðgerðaáætlun um flutning tilgreindra verkefna liggja fyrir ekki síðar en
1. janúar 2015.